

Tillaga til 453. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 5. mars 2020

Tillaga 1094. fundar bæjarráðs frá 17. febrúar sl. um frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga

13. Frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga - 2020010075

Lagður fram tölvupóstur Jóhönnu Sigurjónsdóttur, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, dagsettur 12. febrúar sl., með drögum að frumvarpi til breytinga á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar. Frestur til að skila umsögn er til og með fimmtudagsins 24. febrúar nk.

Bæjarráð telur að lögin muni hafa jákvæð áhrif á starfsemi sveitarfélaga, styrki þau og auðveldi að veita betri þjónustu. Bæjarráð telur mikilvægt að Jöfnunarsjóði séu tryggð framlög til að styðja við sameiningar sveitarfélaga.

Bæjarráð vísar erindinu til bæjarstjórnar.